



Nefndasvið Alþingis
vt.Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál

Vísað er til tölvuskeytis skjalaritara skrifstofu Alþingis, dags. 7. apríl 2020, þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um upplýsingalög, sbr. þingskjal 1095 - 644. mál. Þess er óskað að umsögnin berist nefndasviði Alþingis eigi síðar en 5. maí 2020.

Í umræddu frumvarpi er að finna tillögu að fjórum efnislegum breytingum á ákvæðum upplýsingalaga sem sé ætlað að bæta og skýra réttarstöðu þriðja aðila þegar umbeðnar upplýsingar varða eða kunna að varða mikilvæga og virka einkahagsmuni þeirra.

Hér á eftir fylgir umsögn Reykjavíkurborgar um ákvæði 1. gr. frumvarpsins, en af hálfu Reykjavíkurborgar er ekki talið tilefni til að gera sérstakar athugasemdir við önnur ákvæði í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 orðist svo: *Þegar umbeðin gögn varða eða geta varðað mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila en beiðanda er þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu skylt að skora á hann að upplýsa hvort hann telji að þau eigi að fara leynt nema það sé augljóslega óþarft.*

Í gildandi ákvæði 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er á hinn bóginn mælt fyrir um að stjórnvöldum sé *heimilt* að skora á þann sem upplýsingar varða að upplýsa um hvort hann telji þær eiga að fara leynt. Breytingin miðar þannig að því að gera þeim sem beðinn er um upplýsingar skylt að afla afstöðu þriðja aðila til beiðninnar, nema það teljist vera bersýnilega óþarft, í stað þess að honum sé heimilt að gera það.

Í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um það að af ýmsum ástæðum geti þessi skylda ekki verið fortakslaus. Því sé lagt til að hún falli niður ef það er „*augljóslega óþarft*“ að afla álits þriðja aðila. Í því sambandi komi til álita tilvik þar sem afstaða þriðja aðila getur að mati þess sem hefur beiðni til afgreiðslu ekki haft áhrif á efni ákvörðunar um rétt beiðanda til aðgangs. Ekki er gert ráð fyrir neinum öðrum undantekningum frá skyldu til að afla afstöðu þriðja aðila.

Reykjavíkurborg telur að skyldan til að afla afstöðu þriðja aðila, eins og hún er orðuð í frumvarpinu, kunni að vera of afdráttarlaus. Þannig kunni í ákveðnum tilvikum að vera miklum erfiðleikum bundið og jafnvel ómögulegt að afla afstöðu þriðja aðila án þess þó að slíkt verði talið vera augljóslega óþarft. Í dæmaskyni má nefna að upp kunna að koma tilvik þar sem þriðji aðili á heimili eða dvalarstað erlendis eða ókunnugt er um dvalarstað,

starfsstöð eða heimili þriðja aðila. Vegna þessa telur Reykjavíkurborg að það kunni að vera tilefni til að endurskoða orðalag ákvæðisins þannig að það mæli fyrir um að skylda til að afla afstöðu þriðja aðila verði ekki jafn afdráttarlaus og núverandi orðalag þess mælir fyrir um. Slíkt mætti t.a.m. gera með smávægilegri viðbót við ákvæðið sem myndi þá orðast svo: *Þegar umbeðin gögn varða eða geta varðað mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila en beiðanda er þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu skylt að skora á hann að upplýsa hvort hann telji að þau eigi að fara leynt nema það sé augljóslega óþarft eða sérstökum vandkvæðum bundið.*

Reykjavíkurborg telur enn fremur að verði núverandi heimildarákvæði til að afla afstöðu þriðja aðila breytt í nokkuð fortakslausa skyldu til að gera það, þá geti það leitt til þess að afgreiðsla upplýsingabeiðna verði þyngri í meðförum. Slík skylda geti leitt af sér aukna vinnu sem hafi í för með sér að afgreiðslutími upplýsingabeiðna kunni að lengjast.

Að lokum er á það bent að gildandi tilhögun hefur, að mati Reykjavíkurborgar, gefist ágætlega. Reykjavíkurborg nýtir sér að jafnaði heimild ákvæðis 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga til að afla afstöðu þriðja aðila við afgreiðslu upplýsingabeiðna þegar ástæða hefur verið til og unnt hefur verið að afla slíkrar afstöðu án verulegra vandkvæða. Líkt og rakið er í frumvarpinu eru þegar ákveðnir hvatar fyrir afgreiðsluaðila til að nýta sér umrædda heimild enda geti það að afla afstöðu þriðja aðila m.a. einfaldað afgreiðslu mála, s.s. í tilvikum þar sem þriðji aðili veitir samþykki sitt fyrir afhendingu gagna. Enn fremur er slík málsmeðferð, þegar tilefni er til, betur til þess fallin að tryggja að rannsóknarskylda verði uppfyllt samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Að teknu tilliti til þessa má ætla að réttarstaða þriðja aðila sé þegar ágætlega varin samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og að áhrif af þeirri breytingu að gera heimildarákvæði 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga að skyldu kunni að vera takmörkuð.

Með vísan til framangreinds telur Reykjavíkurborg að ákvæði sem kveður á um skyldu til að afla afstöðu þriðja aðila, með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins mælir fyrir um, kunni að vera óþarflega íþyngjandi og eftir atvikum örðugt að uppfylla og til þess fallið að lengja afgreiðslutíma beiðna. Því leggur Reykjavíkurborg til að í stað þess að ákvæðið kveði á um nánast fortakslausa skyldu í þessum efnum, þá verði skyldan, þegar hún á við, bundin við þau tilvik þegar slíkri álitsöflun verður komið við án verulegra hindrana.

F.h. Reykjavíkurborgar,

Ebba Schram

borgarlögmaður